



Starfsemin fær senn umhverfisvottun

SORPA hefur lagt metnað sinn í að starfrækja urðunarstaðinn í Álfsnesi þannig að sómi sé að, í sátt við umhverfið og íbúa. Vinnur fyrirtækið nú að því að starfsemin verði gæðavottuð skv. ISO 9000 og er gert ráð fyrir að fyrirtækið verði síðar vottað með ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum.

„Það er augljóslega hagur fyrirtækisins að geta unnið í sátt við nálæga íbúa. Staðreyndin er sú að allir þurfa á þjónustu SORPU bs að halda, en enginn vill hins vegar þessa starfsemi í sínu nánasta umhverfi – starfsumhverfi sem getur verið erfitt að vinna í. Það má hins vegar ekki gleyma því að sú nýja metnaðarfulla svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem nú er sett fram, fyrirskrifar umbyltingu urðunar í því formi sem nú þekkest. Það er von mín að þegar íbúar átta sig á þeirri miklu breytingu, taki nábúar starfsemi SORPU bs í Álfsnesi frekar í sátt, samhliða annarri starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu,“ segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU.